

fangaviðurværi í 4 mánuði fyrir einfaldan þjófnað, með dómi sama réttar uppkveðnum 7. júní 1932 var hann dæmdur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði fyrir einfaldan þjófnað, og loks var hann með dómi sama réttar uppkveðnum 16. febrúar 1933 dæmdur í 12 mánaða betrunarhússvinnu fyrir innbrotspjófnað.

Framantalið afbrot ákærða ber að heimfæra undir 238. grein hinna almennu hegningarlaga, 20. grein áfengislaganna, 5. og 6. grein bifreiðarlaganna og 45. og 46. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Auk þess sæti hann 500 króna sekt fyrir brot sitt gegn bifreiðalögunum, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Renni sektin í ríkissjóð og verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa komi í hennar stað einfalt fangelsi í 30 daga. Þá greiði ákærður Kristni Kristjánssyni, Njálsgötu 77, 40 krónur innan sama tíma og sektina.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 9. maí 1934.

Nr. 46/1934. **Valdstjórnin og réttvísir**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Konráði Pálssyni Þormar

(Gústaf A. Sveinsson).

Brot g. 205. gr. hegnl. og 16. gr. áfengisl. 64/1930.

Dómur aukaréttar Neskaupstaðar 30. nóv. 1933: Ákærði, Konráð Pálsson Þormar, greiði 150 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann 12 daga einföldu fangelsi í hennar stað. Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Ennfremur greiði hann Ásmundi Sigurjónssyni kr. 50,00 í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða varðar eins og í hinum áfrýjaða dómi segir við 205. gr. almennra hegningarlaga, 16. gr. áfengislaga nr. 64 1930 og 4. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar 28. okt. 1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin í einu lagi, með hliðsjón af 63. gr. almennra hegningarlaga, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann Ásmundi Sigurjónssyni 50 krónur í bætur. En rétt þykir að ákveða frestun á fullnustu refsingarinnar næstu 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa og niður skal hún falla, ef ákærði heldur skilorð laga nr. 39/1907 og greiðir áðurnefndar bætur innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert við meðferð málsins í héraði, að fæðingarvottorð ákærða hefir ekki verið útvegað enda þótt þess væri kostur án nokkurs dráttar á málinu, að læknisvottorð um áverka Ásmundar Sigurjónssonar hefir ekki verið fengið fyr en eftir að dómur var kveðinn upp í málinu í héraði, enda virðist héraðsdómarinn hafa talið, að kærandinn, Ásmundur Sigurjónsson, hafi átt að útvega það, í stað þess að slíkt var embættisskylda héraðsdómarans, og loks, að ákærðum hefir ekki, að því er séð verður, verið veittur kostur á að fá sér skipaðan talsmann í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Konráð Pálsson Þormar, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og greiði

Ásmundi Sigurjónssyni 50 krónur í bætur. En fresta skal fullnustu refsingarinnar 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa og niður skal hún falla að þeim tíma liðnum, ef ákærði heldur skilorð laga nr. 39/1907 og greiðir áðurnefndar bætur innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði ákærði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Gústafs A. Sveinssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Konráði Pálssyni Þormar, Þórsmörk hér í bæ, fyrir brot gegn ákvæðum 18. kap. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, fyrirmælum áfengislaga nr. 64, 19. maí 1930 og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Neskaupstað frá 28. okt. 1930.

Málavextir eru eins og hér greinir, sem sannað er með játningu ákærða og öðru, sem upplýst er í málinu. Að kvöldi laugardags 21. október síðastl. var Ásmundur Sigurjónsson, Strandarhúsi, hér í bæ, ásamt öðrum manni á gangi eftir Strandgötunni á móts við verzlunarhús Haralds Viglundssonar kaupm. Kom ákærður Konráð Pálsson Þormar þar á móti þeim og var hann ölvaður. Snéri hann sér að Ásmundi og bað hann að tala við sig. Er þeir höfðu talast við litla hrið, þá gefur ákærði Ásmundi alveg tilefnislaust hnefahögg á vinstra gagnauga, svo hann féll á götuna af svima. Hafði ákærði sig þegar á burt, en Ásmundur komst von bráðar á fætur aftur og lét síðan binda um meiðsli þau, er hann hafði fengið við höggið.

Hafði Ásmundur marízt fyrir neðan augað og sprungið fyrir svo blæddi úr og komið bólga í kringum augað.

Fór hann daginn eftir með það til læknis, og átti í þessu nokkra daga uns hann varð jafngóður.

Þetta sama laugardagskvöld var haldinn hér í bænum opinber dansskemmtun, og var ákærði þar mjög mikið ölvaður án þess þó að hann gerði þar neinar óspektir. Nokkru löngu áður en þetta gerðist, sem hér hefir verið frá sagt, hefir kærði jatað að hafa ráðizt að nefndum Ásmundi Sigurjónssyni bak við samkomuhús Goodtemplara þegar dansskemmtun fór fram þar. Eftir nokkrar ryskingar voru þeir skildir að, áður en nokkur meiðsli hlytust af.

Nefndur Ásmundur Sigurjónsson hefir og haldið því fram að ákærður hafi auk þessa ráðizt tvisvar á sig að ósekju, en það hefir eigi orðið sannað gegn ákveðinni neitun ákærða.

Ásmundur Sigurjónsson hefir krafizt 250 króna skaðabóta, en þá kröfu lækkaði hann niður í 100 krónur með því að hún yrði greidd þá strax, en hvortveggju greiðslunni hefir ákærður mótmælt sem of hárrí, en boðizt til að greiða 50 krónur. Þar sem nefndur Ásmundur hefir eigi fært nægar sannanir fyrir kröfum sínum verður eigi hægt að dæma honum í þessu máli hærri skaðabætur en 50 krónur fyrir læknishjálp, vinnutap og óþægindi.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur 24. sept. 1913 og hefir ekki áður sætt sekt né ákæru fyrir neitt brot. Brot það, er ákærður hefir samkvæmt framansögðu orðið sekur um, varðar við 205. gr. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og jafnframt, þar sem verknaður sá fór fram á almannafæri, við 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Neskaupstað frá 28. okt. 1930 og 16. gr. áfengislaga nr. 64 frá 19. maí 1930.

Refsing sú, er ákærður hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin 150 króna sekt í rikissjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa ella sæti ákærður í hennar stað einföldu fangelsi í 12 daga. Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið og meðferð þess verið vítalaus.

